

**Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 21. febrúar 2005.

Efni: Frv. til I. um br. á áfengislögum nr. 75/1998. (46. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem miðar að því að auka frelsi í áfengismálum. Sá galli er hins vegar á ofangreindu frumvarpi að gildissvið þess er takmarkað við íslensk aðföng og eins og jafnan þegar um sérreglur er að ræða hefði það í för með sér aukið ójafnræði þegnanna næði frumvarpið fram að ganga. Verslunarráð vill síst leggjast gegn því að frumvarp sem þetta nái fram að ganga en telur rétt að fella niður „innlendum“ í 1. gr. frumvarpsins. Slík breyting væri og í anda EES réttar.

Verslunarráð hlýtur einnig af þessu tilefni að vekja athygli á þeirri ójöfnu stöðu sem þeir sem stunda þennan heimilisiðnað eru í annars vegar og þeir sem hafa áfengisinnflutning og sölu að atvinnu. Bæði er um þar að ræða óhóflega skattlagningu á vörur þeirra síðarnefndu og aðgengi vörunnar í verslunum. Verslunarráð beinir því til þeirra þingmanna sem augljóslega láta sig áfengismál einhverju varða að skoða þau í víðara samhengi en því sem ofangreint frumvarp hefur greinilega sprottið upp úr.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.